

## Angelcare AC-401 með hleðslurafhlöðum

**ATH** næmni plötunnar er stillt á 3 sem á að henta flestum barnadýnum vel. Hins vegar geta foreldrar prófað sig áfram með næmnina. Næmi 5 er mesta næmnin og getur platan því numið fótatak eða aðrar hreyfingar í umhverfinu en ekki einungis barnið. Því hærri næmni því meiri skynjun. Minni næmni t.d. 1-3 minna svæði sem einblínt er á.

**ATH** það sem sést á skjánum er það sem búið er að velja og samþykkja. Ef ekki er mynd af öldu þá er platan ekki virk í tækinu.

### Notkunarleiðbeiningar

#### Skref 1 *Að setja plötuna undir dýnuna*

- Platan er sett fyrir miðju undir dýnu barnsins.
- Gangið úr skugga um að *áprentaða* hliðin snúi upp. **Látið snúrana liggja á gólfinu svo að barnið nái ekki til hennar.**
- Gott er að nota vafninginn sem fylgdi straumbreytinum til að festa snúrana vel utan um fótinn á rúminu svo barnið nái ekki í snúrana sem fer frá plötunni í móðurtækið.
- Platan verður að liggja á sléttum fleti.

#### Skref 2 *Stilling á móðurtæki*

- Tengdu löngu snúrana sem kemur frá plötunni í móðurtækið.
- Setjið 4 AAA rafhlöður í móðurtækið til varnar ef rafmagn færi af.
- Setjið straumbreytirinn í samband við móðurtækið og þaðan í samband við rafmagn.
- Eftir að búið er að tengja plötuna og straumbreytirinn í móðurtækið er hægt að aðlaga næmnina á plötunni ef þörf þykir.

#### Skref 3 *Stilling á foreldratæki*

- Setjið 4 AAA hleðslurafhlöður í tækið (fylgir tækinu). Notið **ALDREI** hefðbundnar rafhlöður í tækið.
- Setjið straumbreytinn í samband við foreldratækið og þaðan í samband við rafmagn. Neðsta rafhlaðan á að snúa öfugt við rafhlöðuna sem liggur fyrir ofan.

#### Skref 4 *Hvernig notar þú Angelcare tækið þitt*

- Þegar búið er að hlaða foreldratækið að fullu í **15 klukkustundir** þá er kveikt á tækinu með því að ýta á ON og einnig á að ýta á ON á móðurtækinu. **Ef kveikt er á foreldratækinu en ekki móðurtækinu mun foreldratækið byrja að pípa eftir 1 mínútu. Eftir 1 mínútu og 4 sekúndur mun foreldratækið slökkva á sér.**
- Hægt er að stilla ýmsa valmöguleika á tækinu en hægt er að nota tækið strax með eftirfarandi stillingar.
  - Hljóð, hreyfing og tikk virkni (sound, movement and tikk activated)
  - Tækin komin of langt frá hvort öðru OFF (out of range notification)

- Hljóð virkni ON (voice activated)
  - Hitamælir ON, stjórn á hitastigi herbergisins OFF (temperature display)
  - Foreldratækið pípir (lætur vita) ON, titringur OFF (parents unit alarm)
  - Hátalarastyrkur á 3 (speaker volume)
  - Hljóðstyrkur á 2 (voice sensitivity)
- Til að koma í veg fyrir hátíðnihljóð skulu tækin vera að lágmarki 3 metrum frá hvort öðru.
  - Hægt er að breyta styrk hljóðsins með því að ýta á hnappinn sem sýnir örvar.
  - Til að kveikja á næturljósi þarf að ýta hnappinum upp sem er hægra megin á móðurtækinu.

### Skref 5 *Skjár og hnappar*

- Allir eiginleikar **Angelcare** tækisins eru í gengum MENU hnappinn.
- Þegar sá valmöguleiki kemur á skjáinn sem á að nota skal ýta á SELECT hnappinn.
- Til að sjá hvaða möguleikar eru í boði við hverja aðgerð skal nota örva hnappinn upp og niður.
- Ef ekki á að nota plötuna þá á öldumerkið ekki að sjást á skjánum og muna að ýta á SELECT.
- Eftir að búið er að velja ákveðna skipun/aðgerð er hægt að fara út úr MENU aðgerðinni með því að ýta á EXIT hnappinn. Ef breyta á fleiru er alltaf hægt að ýta aftur á MENU hnappinn og skoða fleiri valmöguleika.

### Skref 6 *Tikk, hljóð og hreyfing*

**Angelcare** tækið veitir þér möguleika á að velja hvað þú vilt vakta/fylgjast með.

- Tikk (TIKK) valmöguleikinn er tikk hljóð sem lætur þig vita að platan sé að nema hreyfingar.
- Hljóð (SOUND) valmöguleikinn verður virkur þegar barnið gefur frá sér hljóð og einnig er hægt að velja stöðugt hljóð.
- Hreyfingar (MOVEMENT) valmöguleikinn verður virkur þegar platan nemur hreyfingu. Platan nemur allar hreyfingar og lætur þig vita ef enginn hreyfing er numin. ATH STANSLAUST PÍP HLJÓÐ heyrir þegar enginn hreyfing er numin í 20 sekúndur. Ef þú ert að upplifa eða verður var við að tækið pípi án ástæðu skaltu endurstilla næmnina á móðurtækinu merkt SENSITIVITY.
- Ýttu á MENU hnappinn, þá munu 3 tákn blikka á skjánum (sjá nánar mynd í bæklingi við step 6).
- Notaður örvarnar á tækinu til að velja hvaða möguleika þú vilt virkja eða ekki virkja með því að ýta á SELECT hnappinn og þá leiðir tækið þig áfram til næsta möguleika.
- Ýttu á MENU hnappinn til að skoða fleiri valmöguleika eða ýttu á EXIT ef þú vilt hætta að forrita tækið.

### Skref 7 *Komið úr fjarlægð merki (Out of range)*

Tækið þitt er með þann möguleika að láta þig vita þegar móðurtækið og foreldratækið ná ekki sambandi við hvort annað (Out of range). Það sem getur valdið því er fjarlægð eða áþreifanleg truflun. **Fjarlægð:** upp að 250 metrum (opið svæði), milli 80 og 100 metrar (innandyra)

Þegar tækin eru komin úr fjarlægð frá hvort öðru (out of range) heyrir tvöfalt píp hljóð á 8 sekúndna fresti og tákn mun birtast á skjá foreldratækisins (sjá step 7 í bæklingi)

- Ýttu á MENU hnappinn, “out of range” merkið er á skjánum og orðið OFF mun birtast á skjánum (sjá nánar mynd í bæklingi við step 7).
- Notaðu örvarnar til að velja hvort þú viljir að tækið láti þig vita þegar þau nema ekki hvort annað eða ekki (ON eða OFF).
- Ýttu á SELECT þegar þú hefur ákveðið þig.
- Ýttu á MENU hnappinn til að skoða fleiri valmöguleika eða ýttu á EXIT.

## Skref 8 *Hljóðstyrkur*

Hljóð valmöguleikinn er þannig að það heyrst einungis þegar barnið gefur frá sér hljóð (voice activated)

Þá mun hljóðið heyrast í þeim styrkleika sem áður hefur verið valinn.

- Ýttu á MENU, þar til hljóðnemamerkið kemur á skjáinn.
- Veldu þann styrkleika sem hentar þér hverju sinni. **ATH** að 1-2 sekúndur geta liðið áður en hljóðið berst í foreldratækið. Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins þá var ekki leyft að hafa continuous sound eða stöðugt hljóð og var því sá valmöguleiki tekinn af.
- Ýttu á SELECT hnappinn þegar þú hefur ákveðið styrkleikann á hljóðinu sem á að berast í foreldratækið. .
- Ýttu á MENU hnappinn til að skoða fleiri valmöguleika eða ýttu á EXIT.

## Skref 9 *Viðvörðun og titringur*

Þú getur valið um eftirtalda valmöguleika þegar kemur að viðvörðun í tækinu.

- Einungis hljóð (alarm only)
- Einungis titringur (vibration only)
- Hljóð og titringur (alarm and vibration)  
**ATH** að titringur mun ekki virka ef lítil hleðsla er á rafhlöðunum eða þegar foreldratækið er í hleðslu.
- Ýttu á MENU og veldu þann möguleika sem þú vilt hafa. Merkið sem sýnir öldu merkir titring og bjallan merkir viðvörðunarhljóð.
- Veldu þann möguleika sem þú vilt hafa með því að nota örvarnar og ýttu á SELECT hnappinn.
- Ýttu á MENU hnappinn til að skoða fleiri valmöguleika eða ýttu á EXIT.

## Skref 10 *Hitastig herbergisins*

**Angelcare** tækið þitt getur líka fylgst með hitastigi barnaherbergisins og látið þig vita ef hitastigið er of hátt eða of lágt. Prefalt píp mun heyrast ef hitastig herbergisins fer yfir þau mörk sem foreldri hefur valið.

- Ýttu á MENU hnappinn, merkið sem sýnir snjó Korn og sól munu birtast á skjánum og orðið OFF kemur á skjáinn.
- Veldu ON eða OFF eftir því hvort þú viljir nýta þér þennan möguleika eða ekki
- Ýttu svo á SELECT hnappinn til að velja.
- Ef þú hefur valið að fylgjast með hitastigi herbergisins (ON) ýttu þá á MENU hnappinn. Þá birtist snjó kornið á skjánum og hitastig. Veldu það hitastig sem þú vilt að hitastigið fari ekki niður fyrir í herberginu með því að nota örvarnar á foreldratækinu. Ýttu svo á SELECT hnappinn til að velja.
- Ýttu á MENU hnappinn. Þá birtist snjó kornið aftur og þá velur þú það hitastig sem þú vilt að hitastigið fari ekki upp fyrir í herberginu með því að nota örvarnar. Ýttu svo á SELECT hnappinn til að velja.
- Ýttu á EXIT. Nú eru allir möguleikar **Angelcare** tækisins taldir upp.

## Skref 11 *Rafhlöðu upplýsingar og aðvaranir*

- **Angelcare** barnavaktin mun skipta sjálfkrafa yfir á rafhlöðuvirkni ef rafmagn fer af en einungis ef rafhlöður eru í **báðum tækjunum**.
- Einnig er hægt að nota **Angelcare** tækið þar sem ekki er hægt að komast í rafmagn.

- Þegar lítil rafhlaða er eftir í móðurtækinu blikkar **rautt** ljós á móðurtækinu og þá þarf að skipta um rafhlöður (sjá nánar mynd í bæklingi við step 11).
- Á skjánum á foreldratækinu mun blikka mynd af rafhlöðu og einnig birtist mynd af móðurtækinu á skjáinn. Einnig mun heyrast píp hljóð á 15 sekúndna fresti í 30 mínútur eða uns móðurtækið verður rafhlöðulaust og slekkur á sér.
- Hlaða skal foreldratækið þegar merkið blikkar ekki (er stöðugt) og píp hljóðið heyrast ekki. Ef merkið blikkar og mynd af móðurtækinu kemur á skjáinn, þá er lítil rafhlaða eftir í móðurtækinu.
- Mjög stutt píp hljóð heyrast á 15 sekúndu fresti þangað til foreldratækið slekkur sjálfkrafa á sér.

**ATH: Alls ekki nota hefðbundnar rafhlöður í foreldratækið.**

**MIKILVÆGT:** Ef komið úr fjarlægð valmöguleikinn er virkur (Out of range) þegar móðurtækið slekkur sjálfkrafa á sér (rafhlöðulaust) mun hljóð heyrast og komið úr fjarlægð merkið (Out of range) birtast á foreldratækinu.

## Skref 12 *Viðbótar valmöguleikar*

VAL Á RÁS/TÍÐNI (Channel Selection):

Ef sambandið er ekki nógu skýrt eða ef þú heyrir skruðning skaltu setja á aðra rás. Ýttu á og haltu niðri SELECT hnappinum til að velja aðra rás með því að nota örvarnar. Svo skaltu ýta aftur á SELECT hnappinn.

SLÖKKT Á HLJÓÐI TÍMABUNDIÐ (Temporary mute):

Ef þú vilt taka hljóðið af í 2 mínútur, ýttu þá á EXIT hnappinn sem er fyrir miðju á foreldratækinu. Til að virkja hljóðið aftur innan 2 mínútna skaltu ýta aftur á EXIT hnappinn. Einnig er hægt að taka viðvörunar hljóðið af með því að ýta á EXIT hnappinn aftur (þetta á ekki við um þegar tækið pípir vegna lágra hleðslu á rafhlöðu)

TENGJA FORELDRATÆKI VIÐ MÓÐURTÆKI

(Connecting the parents unit to the nursery unit):

Ef sambandið milli tækjanna hverfur skaltu ýta og halda inni MENU hnappinum á foreldratækinu og þá mun "out of range" ljósið blikka. Ýttu á og haltu inni efsta takkanum á móðurtækinu (fyrir neðan hringinn) til að endurtengja tækin saman. Þá mun tikk ljósið blikka (næst efsti takkinn á móðurtækinu en einnig er hægt að sjá nánar á mynd í bæklingi við step 12)

GEFA MERKI (Paging):

Ef þú vilt finna foreldratækið skaltu halda efsta takkanum inni á móðurtækinu

***ATH! MJÖG MIKILVÆGT*** er að fara eftir leiðbeiningum varðandi frágang á snúrunni sem kemur úr plötunni og tengist móðurtækinu. Börn hafa hengt sig í snúrum og er því gríðarlega mikilvægt að ganga frá snúrunni skv. mynd í bæklingi. Einnig er hægt að nota KIT-ÍÐ sem fylgdi með í kassanum til að setja yfir snúruna en ef það fylgdi ekki með þá er hægt að nálgast það þar sem Angelcare tækið var keypt.

## Vandamál og lausnir

Vandamál	Orsakavaldur	Lausn á vandamáli
Fölsk aðvörun.	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Barnið tekið úr rúminu án þess að slökkt væri á tækinu.</li> <li>● Snúran frá plötunni ekki nógu vel sett í móðurtækið.</li> <li>● Platan nær ekki nógu góðu sambandi við dýnuna eða dýnan liggur ekki á sléttum fleti.</li> <li>● Barnið sefur djúpum svefni eða hefur fært sig frá plötunni til enda rúmsins.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Slökktu á móðurtækinu</li> <li>● Sannreyndu tenginguna milli plötunnar og móðurtækisins. Taktu snúrana úr sambandi og settu aftur í samband.</li> <li>● Gakktu úr skugga um að það sé ekkert á milli plötunnar og dýnunnar. Platan <b>verður</b> að liggja á algjörlega sléttum fleti.</li> <li>● Gakktu úr skugga um að platan snúi rétt (áprentaða hliðin snúi upp). Endurstilla þarf ef til vill næmnina á plötunni.</li> </ul>
Aðvörunarhljóð heyrast ekki.	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Móðurtækið nemur hreyfingu þegar rúmið er snert/komið við.</li> <li>● Móðurtækið nemur hreyfingar utan rúmsins svo sem vélknúin tæki, gegnum trekkur, vindur.</li> <li>● Næmni of mikil.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Forðist snertingu við rúmið á meðan tækið er í gangi.</li> <li>● Staðsetjið rúmið nálægt traustum vegg til að lágmarka hættuna á því að platan nemi utanaðkomandi hreyfingar.</li> <li>● Þú gætir þurft að minnka næmnina.</li> </ul>
Ekkert hljóð heyrast.	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Tækin eru of langt í burtu frá hvort öðru ("out of range" valmöguleikinn er ekki virkur á foreldratækinu).</li> <li>● Lítið eftir af rafhlöðunum eða þær eru ekki rétt settar í.</li> <li>● Straumbreytirinn er ekki nógu vel í sambandi eða rafmagnsinnstungan virkar ekki.</li> <li>● Slökkt er á öðru hvoru tækinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Færið tækin nær hvort öðru.</li> <li>● Athugið/skiptið um rafhlöður eða endurhlaðið rafhlöðurnar í foreldratækinu.</li> <li>● Athugið tenginguna eða skiptið um rafmagnsplögg.</li> <li>● Skoðið aftur hvort að bæði tækin séu ekki virk/kveikt á tækjunum.</li> </ul>
Kemur ekki grænt ljós á móðurtækið	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Straumbreytirinn er ekki nógu vel í sambandi við tækið eða að rafmagnsinnstungan virkar ekki.</li> <li>● Slökkt er á móðurtækinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Athugið tenginguna eða skiptið um rafmagnsplögg.</li> <li>● Færðu takkann sem er vinstra megin á tækinu upp.</li> </ul>
Kveikt er á foreldratækinu en skjárinn sýnir "—" og mynd af móðurtæki kemur á skjáinn.	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Slökkt er á móðurtækinu.</li> <li>● Rafmagnsinnstungan er í ólagi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Kveiktu á móðurtækinu.</li> <li>● Setjið tækið í samband við aðra innstungu</li> </ul>
Heyrist mjög lágt hljóð milli tækja	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Tækin eru of langt í burtu frá hvort öðru og slökkt er á "out of range" valmöguleikanum.</li> <li>● Annað eða bæði tækin eru staðsett nálægt stórum einingum af málm.</li> <li>● Annað eða bæði tækin eru ekki í uppréttri stöðu.</li> <li>● Lítil rafhlaða er eftir.</li> <li>● Tenging milli foreldratækisins og móðurtækis er horfin.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Kveiktu á "out of range" valmöguleikanum eins og sýnt er á stigi 7</li> <li>● Færið tækin nær hvort öðru.</li> <li>● Setjið tækin í upprétta stöðu.</li> <li>● Setið tækin á sléttan flöt þar sem barnið nær ekki til.</li> <li>● Skiptið um rafhlöður eða endurhlaðið foreldratækið.</li> <li>● Tengjið foreldratækið við móðurtækið eins og sýnt er á stigi 12.</li> </ul>
Truflanir, skruðningar (truflun frá öðrum tækjum, síma, internetboxi, tölvu osfrv	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Valin rás er ekki laus við truflanir.</li> <li>● Foreldratækið er staðsett nálægt vélknúnum tækjum, flúorljósum, sjónvarpi osfrv.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Veljið aðra rás eins og sýnt er á stigi 12.</li> <li>● Færðu foreldratækið til eða færðu það frá orsakavaldinum.</li> </ul>
Ískur (hátt hljóð kemur frá foreldratæki).	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Tækin eru of nálægt hvort öðru.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Færðu tækin lengra frá hvort öðru (lágmark 3 metra)</li> <li>● Lækkaðu hljóðið á foreldratækinu.</li> </ul>